


**Frá:** Björgvin Víglundsson <verkefnaleit@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 31. október 2018 10:51  
**Til:** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
**Efni:** Kæra frá eigendum Rangársels 6 Reykjavík



Kæra

Eigendur Rangársels 6 neðri hæð Steinhús ehf hafa ákveðið að kæra þá ákvörðun byggingarfulltrúa að heimila barnaheimili á Rangársel 8 neðri hæð.

Barnaheimili mun óhjákvæmilega trufla eða loka aðgengi að sameiginlegri geymslu sem er staðsett við hlið útititröppu í vesturhluta lengjunnar. Hugmyndin að fara með börnin upp þá tröppu til útisvæðis. Barnaheimili mun fylla bílastæði algjörlega milli 8 og 9 og 16 og 17. Auk þess munu sameiginleg bílastæði verða tekin af.

Barnaheimili mun óhjákvæmilega gera erfitt að hafa margvíslega starfsemi við hlið þess sem getur verið gróf.

Skv eignaskiptayfirlýsingu er talað um verslanir eða þjónustu í þessari lengju. Þjónusta hefur víðtæka skilgreiningu en barnaheimili er ekki þar meðtalið.

Stjórnin lét fasteignasala meta áhrif þess að setja barnaheimili í lengjuna og niðurstaðan er sú að þetta mun rýra eign Steinhúsa ehf.

Björgvin Víglundsson eu Steinhús ehf  
s 8680474